

Nd.

1. Frumvarp til laga

[1. mál]

um breyting á lögum nr. 85 15. des. 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 15. október 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 15. október 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

HANDHAFAFAR VALDS FÖRSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð oss, að 1. júlí 1949 renni út, samkvæmt 4. gr. laga nr. 85 1948, greiðslufrestur á skuldum útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð hafa fengið samkvæmt 2. gr. téðra laga. Nú sé skuldaskilum síldarútvegsmanna ekki lokið og til þess að gera þeim kleift að hefja síldveiðar á þessu sumri vegna útvegunar reksturslána o. fl., beri brýna nauðsyn til að framlengja framangreindan greiðslufrest til 15. október 1949.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 15. október 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 15. október 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júní 1949.

Emil Jónsson. Jón Pálmason. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.